



Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Aðalfundur 2018

Laugardaginn 21. apríl.

Ágæti félagsmaður

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga heldur aðalfund sinn laugardaginn 21. apríl 2018 kl. 16-18. Fundurinn verður haldinn í salnum á 3. hæð í Borgartúni 6, Reykjavík, og einnig verður hægt að vera á símafundi. Félagsfólki er bent á að jafnaði gefst kostur á að sækja fund sem þennan í vinnutímanum að höfðu samráði við næsta yfirmann.

Kl.16, áður en formlega fundarstörf hefjast mun Bergur Ebbi ávarpa samkomuna á líflegan hátt og koma heilasellunum af stað.

Kosið verður um 2 stjórnarsæti. Félagsmenn eru beðnir um að skrá sig á fundinn, bæði í Borgartúni og í fjarfund. Lokað verður fyrir skráningu fimmtudaginn 19 apríl 2018 kl. 16:00.

Þátttaka í símafundi er bundin við að hafa skráð sig fyrir þennan tíma, en fundurinn í Borgartúni er opinn öllum félagsmönnum SBU.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld.
5. Kosning stjórnarmanna sbr. 5.gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins.
8. Önnur mál.

Að loknum aðalfundarstörfum verður að venju boðið upp á léttar veitingar og tíma fyrir umræður um framtíðina, fortíðina og allt þar á milli. Einnig verður útdráttarhappdrætti fundarmanna með fjölbreyttum vinningum. Meðal vinninga er gjafabréf í flugferð með Icelandair.

Fyrir hönd stjórnar SBU

Sigrún Guðnadóttir, formaður

Skýrsla stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Lögð fram á aðalfundi félagsins 21. apríl 2018

Saga stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Félagið var stofnað 1998 upp úr tveimur eldri félögum, Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga og Bókavarðafélaginu. Það gekk við stofnun inn í BHM, en ekki höfðu allir félagar Bókavarðafélagsins verið þar áður.

Stjórn SBU

Á aðalfundi 2017 urðu þær breytingar á stjórn félagsins að fjögur sæti voru laus og einn stjórnarmaður átti eftir eitt ár, Óskar Þór Þráinsson. Stjórn SBU var því þannig skipuð starfsárið 2017: Sigrún Guðnadóttir, formaður, Óskar Guðjónsson, varaformaður, Hallfríður Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Óskar Þór Þráinsson var áfram ritari, Sigríður Júlía Sighvatsdóttir ný inn var meðstjórnandi.

Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Að jafnaði eru haldnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að júlí undanskildum. Ef upp koma mál milli funda sem nauðsynlegt er að leysa úr eru þau annað hvort leyst með tölvupóstsamskiptum eða boðun aukafundar.

Þjónustuskrifstofan

Fimm félög standa saman að rekstri þjónustuskrifstofu fyrir félögin. Þau eru, fyrir utan SBU: Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður og Stéttarfélag lögfræðinga. Fundir eru haldnir einu sinni á mánuði í stjórn þjónustuskrifstofunnar en í henni sitja formenn þeirra félaga sem að rekstrinum standa og skipta þeir með sér að vera formaður, gjaldkeri og ritari þeirrar stjórnar í eitt ár í senn. Starfsmenn þjónustuskrifstofunnar voru í lok árs 2017 fimm og eru það:

Anna S. Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi
Guðrún A. Sigurðardóttir, verkefnastjóri
Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri
Hjalti Einarsson, vinnusálfræðingur
Júlíana Guðmundsdóttir, lögfræðingur

Formannaráð BHM

Formannaráð fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda. Því ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum til fyllingar daglegri ákvarðanatöku sem er hlutverk stjórnar. Formannaráð veitir stjórn aðhald og veitir henni umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum.

Í formannaráði eiga sæti formenn allra aðildarfélaga bandalagsins og stjórn þess. Ef formaður aðildarfélags á sæti í stjórn BHM skipar hlutaðeigandi félag annan mann úr stjórn þess til setu í formannaráði. Forfallist formaður tekur varaformaður hans sæti eða annar tilnefndur fulltrúi viðkomandi félags. Skipun fulltrúa félags skal vera formleg í eitt ár hið minnsta.

Árið 2017

31. ágúst 2017 rann út gerðardómur sem settur var á í ágúst 2015 til að binda endi á kjaradeilu 17 BHM félaga við ríkið. Ekki var samstaða um að félögin 17 sem höfðu verið í samfloti þegar gerðardómurinn var settur færu í sameiginlegar viðræður aftur. Fyrsti fundur samninganefndar SBU með samninganefnd ríkisins (SNR) fór fram í byrjun september og viðræður um áhersluatriði beggja aðila voru rædd á nokkrum framhaldfundum í september og október. Í september urðu ríkisstjórnarslit og SNR taldi sig hafa takmarkað umboð til samninga þannig að nokkuð hlé varð á viðræðum. Á sama tíma komust stjórnir SBU, SL, Fíf og Frg að samkomulagi um að fara fram með sameiginlega kröfugerð í viðræðum við ríkið, enda voru kröfur félaganna nánast samhljóða. Samningaviðræður komust á fullt skrið aftur í nóvember og stóðu fram í byrjun febrúar. Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi var undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna 2. febrúar. Nokkrum dögum síðar var haldinn kynningarfundur fyrir félagsmenn og í framhaldi af því fór fram rafræn atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna. Atkvæðagreiðslan stóð frá 9.-16. febrúar og var samningurinn samþykktur. Alls voru 107 manns á kjörskrá og 72 af þeim greiddu atkvæði, eða 67,3%. Af þeim sem greiddu atkvæði voru 70,8 (51) sem sögðu “Já, ég samþykki”, 22,2% (16) sem sögðu “Nei, ég samþykki ekki” og 6,9% (5) sem skiluðu auðu.

Samkomulagið gildir til 31. mars 2019 og beinar launahækkningar sem það felur í sér eru 2,21% frá 1. september 2017 og 2% frá 1. júní 2018. Auk þessa verður 70.000 kr. eingreiðsla í febrúar 2019. Samningnum fylgja nokkrar bókanir sem eiga við öll þau BHM félög sem undirrituðu samninga við ríkið á þessum tímamarki og einnig nokkrar sérþókanir SBU, SL, Fíf og Frg.

Í samningnum sem var undirritaður 2016 við Samband íslenskra sveitarfélaga var samþykkt að félagsmenn SBU hjá sveitarfélögum gengju inn í starfsmatskerfi sem hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg í nokkur ár. Mikill tími hefur farið í það hjá stjórninni að velja þá sem fara í viðtölin í hverju starfsheiti sem og að mæta í viðtölin með félagsmönnum og kunnum við félagsmönnu hinar bestu þakkir fyrir hve vel þeir hafa tekið í að mæta í viðtölin.

23. október 2017 var undirritaður nýr ótímabundinn kjarasamningur á milli 14 aðildarfélaga Bandalags háskólamanna annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar. Samningurinn byggir á fyrri kjarasamningi aðila frá árinu 2011.

Kjarasamningur aðildarfélaga BHM og Samtaka atvinnulífsins er ólíkur ýmsum öðrum kjarasamningum að því leyti að í honum er ekki samið um laun fyrir einstök störf eða

starfsmenn. Launakjör eru ákvörðuð í ráðningarsamningi milli vinnuveitanda og viðkomandi háskólamanns og getur starfsmaður óskað árlega eftir viðtali við sinn yfirmann um breytingar á starfskjörum. Sérstakur skýringarrámi var settur í samninginn um þessi árlegu launaviðtöl.

Meðal helstu breytinga sem nýi kjarasamningurinn felur í sér er að staðfest er áður gert samkomulag aðila um aukið framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóði en framlagið hækkaði í 10% 1. júlí síðastliðinn og í 11,5% frá 1. júlí 2018. Þá er vinnuveitanda skylt að greiða framlag í Starfsmenntunarsjóð BHM en það var áður valkvætt. Ný heimildarákvæði voru sett í samninginn er kveða á um að valkvætt sé að greiða í Vísindasjóð viðkomandi stéttarfélags og í Starfsþróunarsetur háskólamanna.

Tveir úr stjórn SBU (Sigrún Guðnadóttir og Óskar Þór Þráinsson) fóru ásamt stjórnarmönnum úr hinum félögunum 4 sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar og starfsfólki hennar til Stokkhólms og Helsinki til að kynna sér samningamódel og starfsemi stéttarfélaga dagana 7. til 13.mái. Dagskráin var þétt skipuð alla dagana en heimsóttir voru ýmsir aðilar. Þar má nefna SACO, systursamtök BHM í Svíþjóð, sem skiplögðu tveggja daga fyrirlestra og umræðudaga þar sem tæpt var á málefnum eins og samningamódelum, launatölfræði, stjórnun, menntakerfi, hámenntaða innflytjendur, samskipti fagfélaga og sænska atvinnumarkaðinn. LO, Landsorganisationen Sverige LO samtökin voru heimsótt þar sem fjallað var um launajafnrétti, samræming vinnu og heimimlis ofl. Þar tók á móti hópnum Lóa Brynjólfdsóttir, starfsmaður LO, sem fjallaði um áhrif Evrópusambandsins á atvinnulíf í Svíþjóð. JUSEK, stærsta stéttarfélagið innan LO var heimsótt þar sem fjallað var um breyttan atvinnumarkað og leiðir stéttarfélaga til þess að koma til móts við þróunina, meðal annars með þjónustu við sjálfstætt starfandi félagsmenn.

Í Helsinki fékk hópurinn fyrirlestra um hvernig stafræn tækni er að breyta vinnumarkaði. Labour Institute for Economic Reserach - Palkansaaajien tutkimuslaitoksen var heimsótt til að fræðast um launahagfræði og áhrif Evrópusambandsins á atvinnumarkaðinn í Finnlandi. Höfuðstöðvar AKAVA, systursamtaka BHM í Finnlandi voru heimsóttar þar sem fjallað var um stöðu launafólks í Finnlandi, samningamódel á einkamarkaði, þróun í menntun háskólamenntaðra og Evrópusambandið. Að lokum var Tekes, viðskiptahraðall á vegum stjórnvalda heimsóttur.

Ýmsar gagnlegar upplýsingar og umræður komu fram í ferðinni sem nýtast í starfi og stefnumótun félaganna.

Félagið vinnur fyrir alla félagsmenn sem leita til félagsins með fyrirspurnir um ýmis mál varðandi laun og réttindi. Félagsmenn verða að leita til stjórnar, trúnaðarmanna á vinnustöðum eða til þjónustuskrifstofunnar. Á árinu komu upp nokkur mál þar sem félagsmenn leituðu persónulega eftir aðstoð við úrlausn sinna mála. Unnið var úr þeim málum eftir bestu vitund og getu.

Vakin er sérstök athygli á að öll mál sem félagsmenn telja vera erfitt að ræða við náíð samstarfsfólk, næsta yfirmann eða aðra, má leysa með aðkomu starfsfólks

þjónustuskrifstofunnar. Mál eru yfirleitt meðhöndluð öðruvísi þegar þau koma að, vandinn sem fylgir náðinni er þar með leystur að hluta. Fyllsta trúnaðar er að sjálfsögðu gætt.

Við vinnum með þau mál félagsmanna sem koma til okkar í samstarfsnefnd sveitarfélaga, þar meðtaldri Reykjavíkurborg, og á svipaðan hátt gagnvart ríkinu. Það krefst þess að félagsmaður snúi sér til okkar með umkvörtunarefni og að við getum unnið úr því á grundvelli gagna sem lögð eru fram. Á vefnum sbu.is er að finna lista yfir trúnaðarmenn SBU.

Fréttamiðlun til félagsmanna

Til að miðla fréttum og upplýsingum til félagsmanna notar félagið tölvupóst, vefsíðu SBU og Facebook. Síðan var opnuð 17.nóvember 2009 og við síðustu talningu 2018, voru 274 einstaklingar tengdir síðunni.

Félagsmenn geta einnig farið inn á vef þjónustuskrifstofunnar, stett.is eða á vef BHM til að nálgast upplýsingar um félagið.

Sjóðir BHM og VIRK endurhæfingarsjóður

Stjórn félagsins vill vekja athygli félagsmanna SBU á réttindum sem þeir eiga í sjóðum BHM sem og í VIRK.

BHM starfrækir þrjá sjóði sem standa félagsmönnum til boða: Sjúkrasjóður, en rétt til styrkja úr honum eiga félagsmenn á almennum markaði, Styrktarsjóður, veitir styrki til félagsmanna á opinbera markaðnum og Starfsmenntunarsjóður, en þar geta félagsmenn sótt um styrki vegna kostnaðar sem fellur til vegna sí- og endurmenntunar sem tengist verkefni starfi eða fagsviði umsækjenda.

Rétt í sjóðina þrjá eiga félagsmenn aðildarfélaga BHM sem greitt hefur verið fyrir framlag í sjóðina í samtals 6 mánuði og þar af samfellt í 3 mánuði áður en atburður sem leiðir til styrkumsóknar átti sér stað.

Starfsþróunarsetur háskólamanna veitir styrki til einstaklinga, stéttarfélaga, stofnana og sveitarfélaga vegna starfsþróunar en hlutverk Starfsþróunarsetursins er að stuðla að framgangi háskólamenntaðra félagsmanna þeirra aðildarfélaga BHM sem aðild eiga að setrinu og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun. Nánari upplýsingar um alla sjóði BHM má finna á vef [BHM](#)

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður hefur það að markmiði að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Í kjölfar hrunsins hefur skapast aukið álag sem hefur haft áhrif á háskólamenntaða starfsmenn sem og aðra á íslenskum vinnumarkaði. VIRK hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst

að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa, nánari upplýsingar eru á vef VIRK.
<https://www.virk.is/is/virk/skipulagsskra>

Vefur SBU

Vefur félagsins var settur af stað í júní 2013. Hann er unninn í WordPress en hýstur hjá Allra8, sem einnig veitti ráðgjöf og vann í uppsetningu vefsins. Óskar Þór Þráinsson, ritari SBU, hefur séð um að setja inn fréttir á vef félagsins.

Vefnum er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsingaveita um starfsemi félagsins, en einnig tenging milli stjórnar félagsins, þjónustuskrifstofu þess og félagsmanna.

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn frá því 1.apríl 2017 til 1.apríl 2018 3.087 en síðuflettingar 7.730. Að meðaltali voru notendur að skoða 2.51 síður í hverri heimsókn. Heimsóknir á vefinn hafa staðið í stað frá árinu á undan.

Mest skoðuðu síðurnar eru: Kjarasamningar, Launatöflur og stofnanasamningar. Mest lesna fréttin er frétt um nýja stjórn Stjórn SBU apríl 2016.

Styrkur SBU

Samþykkt var á aðalfundi SBU að félagið hafi heimild til að veita styrk til félagsmanna að upphæð 200.000 árlega til eins verkefnis, sem stuðlar að framgangi stéttarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingunni. Einn sótti um styrk til félagsins 2017 en sótt var um fyrir hönd tímaritsins Bókasafnið um styrk til að koma á fót ritrýndu tímariti á sviði upplýsingafræða samþykkt var af stjórn SBU að veita þeim styrk upp á krónur 200 þúsund.

Störf stjórnarmanna

Formaður SBU:

Sat stjórnarfundum SBU, sat í stjórn þjónustuskrifstofunnar ásamt því að sitja í formannaráði BHM. Sat aðalfund BHM, situr í stjórn Styrktarsjóðs BHM. Mætti á kynningarfundum vegna kjarasamninga. Fór fyrir hönd SBU út til Stokkhólms og Helsinki til að kynna sér þau samningamódel sem þar eru notuð. Sat upplýsingafund með trúnaðarmönnum SBU ásamt stjórn SBU og starfsmönnum þjónustuskrifstofunnar. Setti inn efni á Facebook-síðu félagsins. Tók þátt í úrtaksfundum fyrir viðtöl vegna starfsmatsins hjá starfsmönnum sveitarfélaga ásamt Starfsmatsnefnd og varaformanni SBU, sat viðtöl vegna starfsmatsins með félagsmönnum SBU og mætti á fundum Starfsmatsnefndar vegna breytinga á störfum félagsmanna.

Varaformaður SBU:

Varaformaður sat aðalfund BHM 2017. Auk setu á stjórnarfundum SBU sótti hann einnig nokkra formannaráðs- og stjórnarfundum þjónustuskrifstofu forföllum formanns og sinni vara-ritarastörfum á stjórnarfundum SBU. Sótti einnig kynningarfund um starfsmat sveitarfélaga sem og ásamt formanni úrtaksfundi vegna starfsmats samtala með Starfsmatsnefnd. Að lokum má nefna að varaformaður sat sem fulltrúi SBU mörg starfsmatsviðtöl félaga okkar víða af höfðuborgarsvæðinu.

Gjaldkeri SBU:

Sat stjórnarfundum SBU og sameiginlega fundum stjórna þjónustuskrifstofu FFSS, sat aðalfund BHM og fulltrúaráðsfundi Sjúkrasjóðs BHM. Sat fyrir hönd SBU á fundum um verkfallsaðgerðir, um stofnanasamninga, um efnahagsumhverfi kjarasamninga og um launatölfræði. Var fyrir hönd SBU á málþingi um stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði og fjórðu iðnbyltinguna. Fór fyrir samninganefnd SBU í kjarasamningum við ríki og sat samningafundi með SNR, fundum með sameiginlegri samninganefnd SBU, SL, Fíf og Frg og samráðsfundi BHM félaganna 17 sem áttu í kjaraviðræðum við ríki á árinu.

Meðstjórnandi SBU:

Sat stjórnarfundum SBU og sameiginlega fundum stjórna þjónustuskrifstofu FFSS.

Ritari SBU:

Sat stjórnarfundum SBU, aðalfundum SBU, hélt utan um vefmál með fréttaskrifum, uppfærslum og viðhaldi við vef félagsins sbu.is sem og samfélagsmiðla. Fór fyrir hönd SBU út til Stokkhólms og Helsinki til að kynna sér þau samningmódel sem þar eru notuð. Sat aðalfundi BHM, sótti samráðsfundi þjónustuskrifstofu FFSS, tók þátt í ráðstefnum og stefnumótunarfundi BHM. Fundaði vegna starfsmatsins hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

*Fyrir hönd stjórnar SBU
Sigrún Guðnadóttir,
formaður*

REKSTRARÁÆTLUN SBU 2018	
REKSTRARTEKJUR:	
Félagsgjöld	17,836,845 kr.
Rekstrartekjur alls	17,836,845 kr.
REKSTRARGJÖLD:	
Framlög, styrkir og árgjöld	
Gjöld til BHM	3,032,264 kr.
Gjöld til FFSS	7,738,079 kr.
Samningsgjöld alls:	10,770,343 kr.
Laun og launatengd gjöld	3,853,742 kr.
Launakostnaður alls:	3,853,742 kr.
Annar rekstrarkostnaður	
Sími	11,040 kr.
Rekstur tölvukerfis	143,430 kr.
Kostnaður vegna BIB	53,741 kr.
Endurskoðun og reikningsskil	546,280 kr.
Lögfræðikostnaður	260,378 kr.
Auglýsingar	- kr.
Gjafir og styrkir	300,000 kr.
Fundakostnaður	94,759 kr.
Námskeið og ráðstefnur	32,040 kr.
Ferðakostnaður	250,000 kr.
Fastagjald til BHM	150,000 kr.
Önnur rekstrargjöld alls:	1,841,668 kr.
Rekstrargjöld alls:	16,465,753 kr.
Rekstrarafkoma:	1,371,092 kr.